

**Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum stjórnar Lífeyrissjóðs bænda sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1998, með síðari breytingum, sem lagt var í fyrsta sinn fram á 145 löggjafarþingi. (666. mál).**

Ráðuneytið vísar til umsagna stjórnar Lífeyrissjóðs bænda sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við frumvarp til laga um brottfall Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1999, með síðari breytingum, sem lagt var fram á 145 löggjafarþingi (666. mál). Efnislega samhljóða frumvarp hefur að nýju verið lagt fram á Alþingi og er til meðferðar hjá nefndinni.

Í umsögnum stjórnar Lífeyrissjóðsins kemur fram að með niðurfellingu laganna sé verið að skerða réttindi tiltekins hóps sjóðfélaga til greiðslna úr sjóðnum og er í því sambandi vísað til 6. gr. laga um sjóðinn sem kveður á um lífeyri til handa þeim sjóðfélögum sem voru makar bænda á árunum 1971-1983. Stjórn sjóðsins telji því mikilvægt að sérlög gildi áfram um sjóðinn.

Líkt og áður hefur komið fram af hálfu ráðuneytisins er það mat þess að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um áunnin réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að lögin falli úr gildi. Ráðuneytið hefur m.a. í því sambandi vakið athygli á að í núgildandi samþykktum sjóðsins (grein 13.6) sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laganna og þar sem umrædd makaréttindi eru tryggð.

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lögin kveða á um. Lögin girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en lögin kveða á um. Ráðuneytið fellst því ekki á þau sjónarmið sem fram koma í umsögn stjórnar Lífeyrissjóðs bænda.